



Alþingi
Erindi nr. P 135/407
komudagur 26. 11. 2007

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2007
Tilvísun: 200711-0007

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu, 3. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu, 3. mál.

Í tillögunni er lagt til að gerð verði ítarleg rannsókn á áhrifum og afleiðingum markaðsvæðingar samfélagsþjónustunnar, einnig að sérstök verkefnisstjórn hafi yfirumsjón með rannsókninni, skipuð einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, sem og einum fulltrúa frá hverjum um sig, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og BSRB, en formann hópsins skipi forsætisráðherra án tilnefningar.

Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að mikilvægt sé að tryggja ákveðna fjölbreytni í rekstrarformum samfélagsþjónustu, m.a. til að hægt sé að bregðast sem best við síbreytilegum aðstæðum í samfélaginu, svo sem eins og vegna tækniframfara, breytinga á aldurssamsetningu íbúa o.s.frv. Það er þó staðföst stefna sambandsins að fjölbreytni megi ekki leiða til lakari gæða þjónustu eða aukinnar stéttaskiptingar. Mikilvægt er að tryggja, með opinberum stöðlum og eftirliti, að gæði þjónustu verði ávallt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag og félagslegri stöðu.

Í mörgum tilfellum hlýtur þessi krafa að þýða að óraunhæft sé að ætla að einkarekstur geti alfarið tekið yfir samfélagsþjónustu á tilteknu sviði. Jafnvel þó að einkarekstri hafi verið komið á fót kallar það ekki sjálfkrafa á það að ríkið dragi sig út úr samsvarandi rekstri. Á hinn bóginn er hægt að benda á ýmis velheppnuð dæmi um þátttöku einkarekinna stofnana, á vegum félagasamtaka og almannaheillafyrirtækja, í umönnun eldra fólks, barna, endurhæfingu og áfengis- og vímuefnaeðferð.

Í þessu ljósi tekur Alþýðusambandið undir þá tillögu að gerð verði ítarleg athugun á reynslunni sem þegar hefur fengist af einkarekstri ýmissa viðfangsefna ríkis og sveitarfélaga hér á landi og að niðurstöðurnar verði hafðar að leiðarljósi við ákvarðanatöku um frekari þróun á þessari braut.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/904
komudagur 11.12.2007



Reykjavík 7. desember 2007

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu, 3. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu.

BSRB styður þessa tillögu eindregið enda í samræmi við stefnu og áherslur bandalagsins.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/406
komudagur 26.11.2007

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 22. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um markaðsvæðingu samfélagsþjónustu**, 3. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin mælir með samþykkt tillögunnar með þeim fyrirvara að Samband íslenskra sveitarfélaga fái aðild að verkefnisstjórninni.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



Alþingi
Erindi nr. P 135/226
komudagur 19. 11. 2007

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Alþingi
Selma Hafliðadóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. nóvember 2007
0711085/001.01 PM


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu.

Vísað er til erindis frá allsherjarnefnd Alþingis, dagsett 2. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Kópavogsbæjar um tillögu til þingsályktunar um markaðsvæðingu almannaþjónustu.

Erindið var lagt fyrir bæjarráð Kópavogs þann 8. nóvember sl. Bæjarráð vísaði erindinu að lokinni umræðu til afgreiðslu undirritaðs.

Telji allsherjarnefnd Alþingis rétt að ráðast í ítarlega rannsókn á áhrifum og afleiðingum markaðsvæðingar samfélagsþjónustunnar, eins og það er orðað í tillögunni, er því sjónarmiði hér komið á framfæri, að það myndi þjóna hagsmunum Kópavogsbæjar frekar að rannsóknin yrði víðtækari. Þannig yrði fremur rannsökuð áhrif af nýbreytni í opinberum rekstri og árangur af notkun mismundandi stjórnækja skoðaður.

Þá er því sjónarmiði einnig komið hér á framfæri að það væri heppilegt að sveitarfélögin í landinu fengju tækifæri til að tilnefna fulltrúa í verkefnisstjórn, verði af rannsókninni.

Virðingarfyllst,

Páll Magnússon
Bæjarritari



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjórnar

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/128
komudagur 9. 11. 2007

Reykjavík, 6. nóvember 2007
R07110016
175
ÓKH/isd

ORÐSENDING

Viðtakandi: Borgarlögmaður

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Markaðssvæði samfélagsþjónusta - umsögn

Borist hefur borgarráði bréf allsherjarnefndar Alþingis frá 2. þ.m. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um markaðsvæðingu samfélagsþjónustu, 3. mál.

Erindinu, sem fylgir í ljósriti, er hér með f.h. borgarráðs vísað til umsagnar borgarlögmanns.

Ólafur K. Hjörleifsson

Afrit:
Allsherjarnefnd Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 135/408
komudagur 26.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Efni: Þingsályktunartillaga um rannsókn á áhrifum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að gerð verði ítarleg rannsókn á áhrifum og afleiðingum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu.

Viðskiptaráð hefur ávallt hvatt hið opinbera til að marka sér þá stefnu að um leið og einkaaðilar hasla sér völl á einhverju sviði verði sambærileg verkefni ríkisstofnana lögð niður. Þannig ætti hlutverk ríkisins að vera það að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi, þar sem samkeppni og markaðslögmál fá þrífist, án inngripa eða röskunar af hálfu hins opinbera. Ætti ríkið því að einbeita sér að rekstri þeirrar grunnþjónustu sem sátt er um hverju sinni að ríkið sinni.

Það er rétt sem kemur fram í greinargerð tillögunnar að einkavæðing og einkaframkvæmdir hafi áhrif á starfsaðstæður, kjarasamninga sem segja til um laun, kjör og réttindi, atvinnustig og möguleika til að veita allra besta almannaðjónustu. Að mati ráðsins hefur reynslan sýnt það að slík áhrif hafa verið til hins góða enda hefur atvinnulífið og mannlífið sjaldan eða aldrei blómstrað á þann hátt sem það gerir í dag. Nýsköpun og samkeppni er áberandi hér á landi og frelsi einstaklingsins til að semja um sín laun, sín kjör og sín réttindi hefur aldrei verið jafn mikið.

Til að styrkja stöðu og bæta starfsumhverfi almannaðjónustunnar og starfsmanna hennar er þarft að færa stöðu starfsmanna hins opinbera sem næst því sem gerist á almennum markaði. Undir þetta falla réttindi sem og skyldur. Þannig ætti starfsmönnum hins opinbera að vera gert kleift að semja um kaup sín og kjör, rétt eins og um einkafyrirtæki væri að ræða, en að sama skapi ættu þeir ekki að hafa nein umframréttindi gagnvart sínum atvinnurekanda. Enn fremur er þarft að auka kostnaðarvitund opinberra stofnanna og draga úr yfirbyggingu þeirra, með því móti væri unnt að ráðstafa fjármunum þeirra á mun hagkvæmari hátt en nú er gert.

Viðskiptaráð telur að rannsókn af þessu tagi muni leiða í ljós góðan árangur einkavæðinga og einkaframkvæmda undanfarin ár. Að mati ráðsins er hins vegar þarft að hafa rannsóknarefni hennar víðtækara, þ.e. að skoðað verði einnig gæði og árangur opinbers rekstrar slíkrar þjónustu og samanburður gerður við gæði og árangur einkarekstrar. Það er einnig afar brýnt að

rannsókn þessi verði alfarið unnin á vegum sérfræðinga þannig að unnt sé að koma í veg fyrir að pólitískur ágreiningur um efnið verði þess valdandi að lítil sem engin niðurstaða fáið sem unnt er að draga einhverjar ályktanir af.

Að endingu sér ráðið ekki ástæðu til að falla frá áformum um frekari einkavæðingu og einkarekstur þar til niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir. Slíkt væri aðeins til þess fallið að hamla frumvarpsvinnu ráðherra og þingmanna og draga þar með úr skilvirkni Alþingis.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs